

16. fundur stjórnar

Starfsárið 2024-2025

5. nóvember 2024

Viðstödd eru: Hannes, Hrönn, Jóhannes, Kristmundur, Sveinn, Vera, Kári (framkvæmdastjóri).

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 16:09.

1. Yfirferð og samþykkt fundargerða

Láðst hefur að samþykkja fundargerðir síðustu stjórnarfunda. Stjórn hefur nú farið yfir allar síðustu fundargerðir og eru þær samþykktar.

2. Húsnæðismál

Kauptilboð Samtakanna í húsnæði við Hverfisgötu 105 hefur verið samþykkt. Kári fer yfir það. Skipuleggja þarf næstu skref í húsnæðismálum og finna fólk í ýmis verkefni fyrir höndum hvað varðar framkvæmdir og fjáröflun. Stjórn ræðir.

3. Félagsfundur

Félagsfundur fór fram þarsíðustu helgi. Þar gleymdist að skipa kjörnefnd fyrir aðalfund og samþykkja svo boða verður annan félagsfund. Stjórn ræðir mögulegar dagsetningar fyrir annan fund. Að öðru leyti var fundurinn góður að mati stjórnar.

4. Hinseginleikinn í leikhúsi

Samtökin '78 og Borgarleikhúsið stóðu að pallborðsviðburði um hinseginleikann í leikhúsinu síðastliðinn sunnudag. Kristmundur segir frá.

5. Þingkosningar

Samtökin sendu spurningar á stjórnmalaflokka vegna komandi þingkosninga. Stjórn ræðir ýmis atriði tengd þeim.

6. ILGA World

Palestínsk hinsegin samtök leggja til að þremur ísraelsk hinsegin samtökum verði vísað úr ILGA World. Stjórn ræðir.

Fundi slitið: 17:10.